HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfjarðarbær
Innk: 21/12 2016
Málsnr: 1612120
Bréfal: 360

UNICEF á Íslandi
Laugavegi 176
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 16. desember 2016
1612120 AUT

Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar 15.des. sl. var eftirfarandi tekið fyrir:

Efni: Barnvænt samfélag, vottun

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum 7.des. sl. að vísa tillögu um Barnvænt samfélag, vottun, til bæjarráðs.
"Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að óska eftir samstarfi við Unicef og Akureyrabæ við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í allt sitt starf, reglur, samþykktir og stefnur til að uppfylla þær kröfur til að gerast Barnvænt samfélag og ná því markmiði að fá vottun vegna þessa og felur bæjarráði úrvinnslu þess og stofnun stýrihóps um verkefnið."

Bæjarráð óskar eftir kynningu frá Unicef fyrir bæjarfulltrúa um næstu skref í innleiðingu verkefnisins.

Virðingarfyllst,

Auður Þorkelsdóttir
skrifstofustjóri